

Hafðu samband:

www.digistorid.eu

f DigiStorID



### SAMSTARFSADILAR AÐ VERKEFNINU

Center za izobraževanje in kulturo Trebnje (CIK)  
Kidričeva ulica 2  
8210 Trebnje, Slovenia  
www.ciktrebnje.si



Keski-Pohjanmaan koulutusyhtymä (KPEDU)  
Närvilänkatu 8  
67100 Kokkola, Finland  
www.kpedu.fi



Upstream Stories  
Høegh-Guldbergs Gade 95, 1.  
8000 Århus C, Denmark  
www.upstreamstories.org



A.N.F.F.A.S. Onlus di Pordenone  
Via Tiro a Segno, 3/a  
33170 Pordenone, Italy  
www.anffaspordenone.it



Reykjavík Akadémían  
Pórunnartún 2  
105 Reykjavík, Iceland  
http://akademia.is/



Vsi Tarptautinis darbo kontaktų tinklas (ILCN)  
Kalvariju str 276-18  
08316 Vilnius, Lithuania  
www.ilcnet.lt



### AÐRIR SAMSTARFSADILAR

Varstveno delovni center Novo mesto, Enota Trebnje  
Šmihel 3  
8000 Novo mesto, Slovenia  
www.vdc-nm.si



European Association for Education of Adults (EAEA)  
Mundo-J / Rue de l'Industrie 10, 1000  
Brussels, Belgium  
www.eaea.org



Ás Styrktarfélag  
Ógurhvarf 6  
IS-203 Kópavogur, Iceland  
www.styrktarfelag.is



# DigiStorID

Stafrænar frásagnir  
(e. Digital Storytelling) sem  
aðferð til að auka færni og valdefla  
nemendur með þroskahömlun

2018 - 2020

# Story Telling

DIRECTOR :  
CAMERA :

DATE : Day Nite Int Ext Mos

## HVAÐ ERU STAFRÆNAR FRÁSAGNIR?



Það hefur sýnt sig að aðferð stafrænna frásagna er mikilvægt verkfæri, því með henni geta þátttakendur upplifað valdeflingu og viðurkenningu með því að koma rödd sinni á framfæri og líta inn á við, sem eflir sjálfsvitund og sjálfsmynd. Í aðferðinni felst sjálfsskoðun og aukinn skilningur á fjölbreytileika í gegnum þær persónulegu frásagnir sem þátttakendur deila. Þátttakendum gefst færi á að efla hópvitund sína og samskiptafærni í hópavinnu undir leiðsögn leiðbeinenda. Sköpunargáfa þátttakenda er virkjuð og hvatt er til gagnrýnninnar hugsunar. Þar að auki getur aðferðin leitt til aukinnar grunnfærni, læsis og tækniþekkingar með því að vinna að handritaskrifum, talsetningu og myndbandsvinnslu.

## MARKMIÐ

Meginmarkmið verkefnisins „DigiStorID“ er að þróa nýja námsnálgun með því að aðlaga aðferðafræði stafrænna frásagna að þörfum fólks með þroskahömlun. Markmið aðlögunarinnar er að útbúa nýstárlegt, valdeflandi og skemmtilegt verkfæri sem nýtist til að auka færni, skilja betur og stuðla að valdeflingu fólks með þroskahömlun. Verkfærið verður aðgengilegt fyrir kennara/leiðbeinendur sem starfa með fólki með þroskahömlun.

## SÉRTÆK MARKMIÐ

- Að auka færni leiðbeinenda/kennara sem starfa með fólki með þroskahömlun í að nota aðferð stafrænna frásagna sem aðlöguð hefur verið að þörfum fólks með þroskahömlun. Þannig má efla lífsfærni fólks með þroskahömlun á ýmsum sviðum: læsi, stafræna færni, félagsfærni, o.s.frv.
- Að fjölga menntatækifærum fólks með þroskahömlun til að taka að fullu þátt í samfélaginu og mæta breytingum á vinnumarkaði
- Að efla grunnfærni (lestur og stafræna færni) fólks með þroskahömlun, gera þeim fært að taka þátt í samfélaginu og efla þannig virka þáttöku í samfélagi án aðgreiningar
- Að kynna og styrkja aðferð stafrænna frásagna sem aðlöguð er að þörfum fólks með þroskahömlun, þar með talið að prófa ferlið í framkvæmd, að semja handbók með leiðbeiningum í notkun aðferðarinnar og einnig einfaldar leiðbeiningar sem eru hugsaðar fyrir fólk með þroskahömlun til að nota í framtíðinni



## VERKEFNIÐ FJALLAR UM TVÖ MEGINMARKHÓPA



## VÆNTANLEGUR ÁRANGUR

- Ný aðferð stafrænna frásagna sem aðlöguð er að þörfum nemenda með þroskahömlun
- Faglega þjálfaðir kennarar/leiðbeinendur fólks með þroskahömlun eftir þátttöku í fimm daga vinnustofu þar sem leiðbeinendur hljóta þjálfun í að nota þessa notendavænu og skemmtilegu aðferð til að auka færni fólks með þroskahömlun til viðbótar við aðrar kennsluaðferðir
- Nýjar leiðbeiningar um innleiðingu aðferðar stafrænna frásagna fyrir kennara/leiðbeinendur sem starfa með fólki með þroskahömlun. Þær munu nýtast til að efla námsárangur (aukin grunnfærni) og virka þáttöku í samfélagi án aðgreiningar
- Nýjar einfaldar og auðskiljanlegar leiðbeiningar fyrir fólk með þroskahömlun um notkun ókeyppis tölvuforrita til að búa til myndbönd
- Betri grunnfærni (einkum læsis og stafrænnar tækni) fólks með þroskahömlun, sem eflir virka þáttöku í samfélagi án aðgreiningar

